

# Fundargerðir stjórnar DÍS

Starfsárið 2016-2017



## **Fyrirvari við notkun:**

Fundargerðir stjórnar Dýraverndarsambands Íslands eru birtar til að sýna framvindu og sögu félagsins. Ef fundargerðirnar eru notaðar eða birtar annars staðar óskum við eftir að vísað sé til uppruna þeirra og orðalagi þeirra sé ekki breytt.

# 1. fundargerð 9. maí 2016

**Fyrsti stjórnarfundur DÍS á starfsárinu 2016-17, mánudaginn 9. maí kl. 17:00 -19:30**

**Mættir:** Hallgerður formaður, Linda meðstjórnandi, Benedikt ritari, Hrefna meðstjórnandi og Steindór gjaldkeri.

## **1. Samþykkt fundargerða síðan síðast.**

Farið yfir fundargerðir 7 og 8 og þær samþykktar með nokkrum breytingum.

## **2. Markmið félagsins og þrír flokkar dýra**

Farið yfir markmið og flokka til upprifjunar og glöggvunar.

## **3. Verklagsreglur stjórnar**

Farið yfir verklagsreglur. Formaður mun endurskoða reglurnar til styttingar og aðrir stjórnarmenn síðan vinna tillögur að úrbótum osfrv.

## **4. Rekstur: húsnæði, eignaskrá, starfslýsing starfsmann oþh.**

Farið yfir þessi mál og þau kynnt til glöggvunar. Eignaskrá hefur ekki verið fullunnin en verður það vonandi bráðum. Saga starfsmanns og starfslýsing kynnt. Ræddir möguleikar á að minnka kostnað, en fremur talið að öflun félaga og etv styrkja ofl leiðir til aukinna tekna séu betri lausn að sinni.

## **5. Starfsárið framundan skipulag og næstu skref. Öflun félaga.**

Öflun félaga áriðandi verkefni, skráningarsíða á heimasíðunni ofl. lausnir ræddar, “sponsun” á þeirri síðu ofl – ákveðið að gera átak í haust, markmiðið er 500 félagar fyrir næsta aðalfund!

Skipulag funda ákveðið, en nánari dagsetningar bíða næsta fundar.

17 fundir á starfsárinu, tveir á mánuði að jafnaði. Sjá töflu frá formanni.

Einnig rætt um atburði ofl. nokkrum sinnum á árinu.

## **6. Dýraverndarinn**

Unnið verður að greinum og öflun efnis í sumar, stefnt að sölu auglýsinga í haust og útgáfu í nóvember!

## **7. Önnur mál**

Rætt um að fá Jón Ásgeir Kalmannsson til að ræða siðfræði tengt dýravelferð.

Kaupa teppi til að varna loppuförum á stólum

Rætt um þyngd reiðmanna og álag á hross

Fundi slitið kl.19:30

Næsti fundur boðaður 26. maí kl. 17:30 (sá fundur féll niður)

## 2. fundargerð 21. ágúst 2016

**Annar stjórnarfundur DÍS á starfsárinu 2016-17, sunnudaginn 21. ágúst kl. 14:00 -16:30**

**Mættir eru:** Hallgerður, Linda, Sif og Steindór. Benni er á Skype.

**1. Samþykkt fundargerðar síðan á síðasta fundi.** Fundargerðin lesin og samþykkt.

### **2. Praktísk mál og starfsveturinn.**

Ákveðið er að haldnir verði tveir fundir á mánuði ágúst til nóvember; 21. og 28. ágúst, 15. og 29. september, 13. og 27. október og 10. og 24. november, en frí í desember. Haldinn verði viðurkenningarviðburður 4. Desember og málþing um leið.

Rætt um tilboð frá Miðlun varðandi fjáröflunaráttak sem unnið hefur verið að undanfarið og ákveðið að taka því.

Rætt að setja af stað undirskriftasöfnun sem Sif tekur að sér að undirbúa og kanna grundvöll fyrir. Umfjöllunarefni hennar verði krafa um ákvæði í búvörusamninga um að hægt sé að svipta bændur sem uppvísir verða að brotum gegn dýravelferðarlögum opinberum styrkjum. Miðlun mætir á næsta fund, 28.08 kl. 15:00 (fundurinn hefst kl.13:00) og tilboð og tilhögun rædd betur. Sif og Linda ætla að ganga frá gjaldkeraskiptum fyrir næsta fund.

### **3. Blaðgreinar, ályktanir, bréf o.þ.h.**

Formaður telur áriðandi að senda félagapóst, minna á félagsgjöld, Dýraverndarann ofl. og fær samþykki stjórnar til þess. Sif stingur upp á að gera slíkan póst að föstum lið, svo félagsmenn fái "lífsmark" einu sinni í mánuði þegar starfsemi stendur sem hæst, ca. 6 sinnum á ári. Þetta er samþykkt einróma, og fundurinn semur fyrsta bréfið nú þegar.

### **4. Úrskurður Neytendastofu. Næstu skref.**

Farið yfir úrskurð neytendastofu varðandi notkun ÁSÁ á heiti og myndmerki tímarits Dýraverndarsambandsins. Ákveðið að fylgja málinu eftir og ræða við neytendastofu varðandi framhaldið. Frekari ákvarðanir um aðgerðir verði teknar í framhaldi af því, á næsta fundi.

### **5. Heimasíða. Næstu skref.**

Lindu var falið að leita tilboða varðandi nýja heimasíðu félagsins í vor, og kynnir hún tilboðin fyrir fundinum. Ýmislegt rætt varðandi það, en ákveðið að Linda taki að sér að vinna núverandi heimasíðu betur, amk til að byrja með. Rætt um tilhögun síðunnar og samþykkt að skoða tillögur Lindu þegar þær berast.

## **6. Dýraverndarinn 2016**

Rætt um efnisöflun í næsta tölublað, allir stjórnarmeðlimir ætla að útvega amk. eina grein – sem allra fyrst.

## **7. Viðurkenningar DÍS 2016**

Þessi liður fellur undir lið 2. og ákvarðanir um starfsemi vetrarins.

## **8. Mast: beiðni um umsögn vegna tilraunadýra (biðja um frest).**

Við höfum tíma til 19. september, og verðum að vinna umsögnina á fundi 15. sept. Drög að reglugerðinni hafa verið send stjórnarmönnum til yfirlstrar og umsagnar.

## **9. Önnur mál.**

Kattadráp í Hveragerði; Rætt hefur verið að halda íbúafund um málið í Hveragerði og beðið um þáttöku DÍS.

Stjórn DÍS lýsir sig reiðubúna til að taka þátt í slíkum fundi.

Rætt um að kattadráp meindýraeyðis í Hafnarfirði, sem fékk að sögn fyrirskipanir frá bæjaryfirvöldum um að aflífa ketti, en enginn kannast við að hafa sent þær fyrirskipanir. Málið er í farvegi hjá MAST og lögreglu og DÍS mun ekki beita sér að sinni.

Fundi slitið kl. 17:00

Næsti fundur er boðaður 28. ág kl. 13:00

## 3. fundargerð 28. ágúst 2016

Stjórnarfundur 28. Ágúst 2016; kl. 14.15- 16.15.

**Mættir:** Hallgerður, Steindór, Hrefna, Benedikt að hluta til (á Skype) og Sif (kom 14.30). Linda boðaði forföll.

Dagskrá:

**1. Samþykkt fundargerðar.** Fundargerð frá síðasta fundi rædd og smábreytingar samþykktar.

**2. Praktísk mál.** Boðað hefur verið til fundar í húsfélaginu hér vegna sprungu, leka og útiljóss. Hallgerður fer fyrir hönd okkar. Stjórnarmenn sammála um að leggja áherslu á að fá tilboð í verk.

Rætt um úrskurð Neytendastofu varðandi notkun á nafninu Dýraverndarinn. Ákveðið að óska eftir að Neytendastofa sekti viðkomandi aðila fyrir óheimila notkun á heitinu.

Efni skjalsins *Fundarform og verklag stjórnarfundar* rætt. Breytingar sem voru gerðar á fundunum á textanum fara inn og fylgja svo með fundargerðinni.

Fundartímar í haust verða á fimmtudögum kl. 17-19.30 , fyrst 15. Sept og hálfsmánaðarlega eftir það í haust (29.9, 13. og 27.10, 10. og 24. Nóv ). Engir stjórnarfundir í desember, en atburður 4. des. Síðar tekin ákvörðun um fundartíma eftir áramót.

Hallgerður upplýsti að hún hafi fengið aðila til að selja auglýsingar í Dýraverndarann.

**3. Blaðagreinar, bréf, ályktanir og annar texti.** Drög að ályktun sem Hallgerður formaður leggur fram sem varðar sjúkdóma tengdum búfjárhaldi sem hamla almennri velferð dýra. Rætt og verður framunnið síðar. (Benedikt vék af fundi).

**4. Framhald búvörulagamál.** Blaðagrein sem Hallgerður hefur samið lögð fram og var samþykkt. Verður birt í Vísi. Undirskriftasöfnun út af búvörulögunum – framkvæmd flókin á heimasíðunni eins og Sif og Hallgerður greindu frá. Framkvæmd þess verður rætt við Miðlun síðar á fundinum.\*

**5. Dýraverndarinn.** Frestað fram á næsta fund.

**6. Mast og neyðarhjálp vegna dýra/ hjálparstarf annarra félaga.** Hallgerður greinir frá samtali við önnur félagasamtök og samskiptum þeirra við Mast. Við getum vonandi stutt slík félög við sína vinnu og unnið að því að þau njóti stuðnings hins opinbera.

**7. Umræður fyrir komu Miðlunarmanna: skýrgreina markmið o.fl.** Umræður um komu Miðlunarmanna sem vilja sjá um söfnun styrktaraðila. Ákveðið að stefna í samstarf við þá núna og verja ákveðinni upphæð í þetta átak á þessu ári enda muni sú upphæð skila sér strax á næsta ári.

**8. Miðlunarmenn koma kl. 15:00.** Andri Árnason, framkvæmdastjóri kynnti málið, sérstaklega útfærsluna „mánaðarlegir styrkir“ en 11 slíkir hópar eru reknir fyrir önnur félög (50 þús styrkjendur). Milli 60 og 70 manns sem vinna fyrir fyrirtækið. Allt á glærum- sem við fáum. \* mælir með að tala við t.d. þann sem setti upp undirskriftasöfnun Kára Stefánssonar og fá ráð hjá honum.

Andri vék af fundi og þá var ákveðið að ganga til samninga við Miðlun sem fyrst.

Fundi slitið kl 16.15. Hrefna Sigurjónsdóttir (ritari vegna fjarveru Benedikts seinni hluta fundarins).

*Fylgiskjal: samþykkt fundarform og verklag við störf stjórnar.*

#### **Fundarform og verklag stjórnarfunda:**

1. Aðalatriði er að stjórnarmenn sýni öðrum stjórnarmönnum virðingu og tillitsemi. Formaður stýrir umræðum með þeim hætti að stjórnarmenn biðja um orðið (hann meðtalinn) og hafa þeir það þangað til sá næsti fær orðið. Frjálssar umræður eru æskilegar þegar framvinda er góð. Formaður ber ábyrgð á framvindu fundar og að fundur haldi tíma.
2. Mikilvægt er að farið sé að dagskrá og viðkomandi dagskrármál sé þá eingöngu rætt en að ef stjórnarmenn vilja ræða önnur mál þá bera þeir það upp undir liðnum önnur mál í lok fundar. Stjórnarmenn geta sent umræðuefni til formanns og þannig komið þeim á formlega dagskrá stjórnarfunda.
3. Í lok umræðu er tekin saman niðurstaða málsins. Formaður ber ábyrgð á að það sé gert. Ef rétt er á málum haldið þarf sjaldnast að greiða atkvæði um einstök mál en niðurstaðan þarf að vera öllum ljós. Skilgreina þarf hver ber ábyrgð á því að fylgja niðurstöðunni eftir.
4. Starfsmaður situr stjórnarfundi eftir því sem stjórn ákveður. Starfsmaður hefur ekki atkvæðarétt. Hlutverk starfsmanns á fundunum er að veita upplýsingar og að taka við þeim.
5. Skráð er fundargerð eftir dagskrárliðum fundar og í hana skráðar ákvarðanir stjórnar samkvæmt þriðja lið. Er hún borin upp til samþykktar. Breytingar á fundargerð eru unnar við samþykktarferli á stjórnarfundi, þeim sama eða næsta fundi á eftir. Ritari ber ábyrgð á fundargerðum og utanumhaldi þeirra. Fundargerð er send til stjórnarmanna eftir fundinn merkt ósamþykkt og fer inn í möppu (Dropbox félagsins) eftir samþykktarferli. Í fund

6. Starfsárið sé skipulagt. Stjórnarfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað og meirihluti stjórnar hefur ekki afboðað. Ekki eru teknar meiriháttar ákvarðanir ef minnihluti stjórnar er á fundi, en venjuleg fundarstörf, ófrábrugðin mál og framvinna er eðlileg. Ef fundarmenn vilja mæta á fundi með því að nota fjarfundabúnað (skype) verða þeir að láta vita með fyrirvara, svo hægt sé að undirbúa það. Dagsetning stjórnarfunda fram í tímann telst sem fundarboðun, en fundarefni/dagskrá er aldrei sent út síðar en með tveggja daga fyrirvara.

7. Í störfum sínum, markmiðum og nálgun tekur stjórnin ávallt mið af markmiðum félagsins eins og þau eru skilgreind í lögum þess.

Samþykkt á stjórnarfundum 28.08.16



## 4. fundargerð 15. september 2016

Fjórði stjórnarfundur DÍS á starfsárinu 2016-17,  
fimmtudaginn 15. september kl. 17:00 -19:30

### Stjórn skipa:

Hallgerður Hauksdóttir formaður

Benedikt Þór Axelsson ritari

Linda Karen Gunnarsdóttir gjaldkeri

Hrefna Sigurjónsdóttir meðstjórnandi

Sif Traustadóttir meðstjórnandi

S. Steindór Pálsson meðstjórnandi

**Mætt eru:** Hallgerður, Linda, Hrefna og Steindór. Benni er á Skype og Sif um netið.

### 1. Samþykkt fundargerðar frá því síðast.

Fundargerðin lesin og samþykkt eftir óverulegar breytingar

### 2. Praktísk mál.

Niðurstöður af húsfundi: Verið er að vinna í að laga útiljós, nágranni á efri hæð vinnur það frítt. Múrari verður fenginn til að taka út vinnu við þéttingu á bakvegg. Gluggarnir verða málaðir, nágranni á efri hæð býður sig fram. Ennfremur ræddar áætlanir um íbúðabyggingar í framhúsi nr.12, og húsfundur sammála um að samþykkja það ekki nema lausn finnist á bílastæðamálum.

Ræddur frágangur eftir fundi.

### 3. Blaðagreinar, ályktanir, bréf o.þ.h.

Hallgerður kynnir grein vegna búvörusamninga, hún er yfirfarin og samþykkt og verður send til birtingar án tafar.

Ályktun DÍS vegna búfjársjúkdóma eða sýkingarhættu sem hamla almennri velferð dýra sem Hallgerður kynnti á síðasta fundi lögð fram eftir nokkrar breytingar.

Ályktunin rædd, allir sammála grunnhugmyndinni. Ályktunin send á stjórnarmeðlimi og umfjöllun um hana kláruð á næsta fundi.

Innflutningur á t.d. foie gras og öðrum afurðum sem ekki eru framleiddar við aðstæður sem tryggja dýravelferð eins og tíðkast hérlendis ræddur (eldri ályktun til) en ákveðið að hugsa málið betur og fjalla um það síðar, enda mjög mikilvægt að afla vandaðra gagna áður en ráðist er í frekari aðgerðir.

Unnin lítilsháttar breyting á „Fundarform og verklag stjórnarfundna“, skjalið samþykkt og sett sem viðhengi í þessa fundargerð.

Fundartími fram að áramótum ræddur. Upprunaleg fundarskipan tekin upp aftur og fundir haldnir á fimmtudögum áfram.

#### **4. Reglugerð um tilraunadýr.**

Grunnstef DÍS er að alltaf þegar við komumst hjá því að nota dýr í tilraunum verði því sleppt. Höfum fengið frest til að skila athugasemdum, og vinnum þetta betur á næsta fundi.

#### **5. Hugsanleg brottvikning félaga af félagaskrá rædd.**

Stjórnarmenn samþykkja með miklum meirihluta, að vísa nefndum félaga úr DÍS samkvæmt umboði aðalfundar. Honum verði sent bréf og ákvörðunin kynnt á svipuðum tíma og Dýraverndarinn kemur út, jafnframt unnin frétt í Dýraverndarann á næsta fundi til að kynna málið fyrir félögum.

Tímamörk um hugsanlega aðild hans á ný verði rædd betur á næsta fundi.

#### **6. Heimasíðan.**

Linda kynnir hugmyndir um endurbætur á síðunni og fundarmönnum líst vel á. Ákveðið að nota Weebly-kerfið áfram og vinna síðuna áfram samkvæmt þessum hugmyndum.

Stjórn vinni efni síðunnar á fundum í vetur og skipti með sér verkum varðandi vinnu hennar.

#### **7. Dýraverndarinn 2016.**

Rædd skil á greinum í blaðið ofl, stjórnarmeðlimir lofa öllu fögru og hafa augun opin varðandi frekari aðföng.

#### **8. Selkópar í Húsdýragarðinum, hugsanleg vinna að stefnu um sleppingar.**

Rædd slátrun selkópa í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum vegna erindis sem barst.

Hallgerður leggur fram viðtal við sérfræðing um málið. Leggja þarf vinnu í breytingu á reglugerðum svo leyfa megi sleppingu á villtum dýrum. Hrefna aflar frekari upplýsinga og ákveðið að vinna frekar að þessu máli. Etv. þarf einnig að bæta aðstöðu, stækka laug ofl.

#### **9. Önnur mál.**

Sif ræðir myndband á facebook varðandi fiska sem hafðir voru til sýnis í körum – málið virðist leyst án frekari aðkomu, myndbandið virkaði.

Stjórn samþykkir að senda bréf til bæjarfélaga og leggja áherslu á að slíkt sé ekki í samræmi við lög – Sif skrifar bréfið og leggur fram á næsta fundi.

Hallgerður sendir tillögu um breytingu á verklagsreglur vegna facebook, heimasíðu og opinberrar umræðu stjórnarmeðlima.

Linda ræðir hugsanlegan útflutning fjár á fæti til Noregs og vill senda erindi til MAST varðandi þetta.

Ákveðið að senda fyrirspurn um hvort MAST telur tryggt að fé fái góðan aðbúnað alla leið í sláturhús erlendis og lýsa ennfremur áhyggjum af dýravelferð í slíkum flutningum.

Linda semur bréf sem stjórnin vinnur áfram í sameiningu.

ATH reglugerð um flutninga búfjár sem er týnd í „kerfinu“ - Hallgerður skoðar það fyrir næsta fund.

Fundi slitið 19:36

Næsti fundur boðaður 29. sept kl.17:00

## 5. fundargerð 6. október 2016

**Fimmti stjórnarfundur DÍS á starfsárinu 2016-17, fimmtudaginn 06.10 kl. 17:00 -19:00**

(boðuðum fundi var frestað um viku)

**Mættir eru:** Hallgerður formaður, Linda gjaldkeri, Hrefna, Steindór og Sif meðstjórnendur, Benni ritari er á Skype og Sif boðar seinkun og mætir síðar á fundinum á Facebook.

### 1. Samþykkt fundargerðar frá því síðast

Samþykkt setja hlutverk stjórnarmanna almennt inn í fundargerðirnar.

Fundargerð lesin og samþykkt

### 2. Praktísk mál

Framvinda vegna húseignar: Fyrir liggur að húseignin G12A fái einkaleyfi á 17 stæðum fyrir framan húsið.

Rætt erindi vegna Brandhúsasjóðs, minningarsjóðs. Ósk liggur fyrir frá erfingjum að fénu verði varið til hjálparstarfs við dýr. Stjórn DÍS ákveður með tilliti til þessa að Brandhúsarsjóðurinn verði stofnframlag til sjóðs sem safnar fyrir dýraathvarfi á vegum DÍS. Erfingjum verður greint frá þessu.

Samningur vegna öflunar styrktaraðila og umsýslu styrktarfélagasjóðs liggja nú fyrir og verða sendir stjórnarfólki í kvöld. Þeir teljast samþykktir ef ekki berast athugasemdir. Sif mætir á fundinn.

Búið að ráða manneskju til auglýsingaöflunar í Dýraverndarann, hún tekur 30% af seldum auglýsingum í þóknum.

Gjaldkeraskiptum er enn ekki lokið en reikningar hafa verið greiddir. Linda og Sif finna út úr því.

### 3. Blaðgreinar, ályktanir, bréf o.þ.h.

Sif semur bréf til bæjarfélaga með fyrirspurn vegna sýningar fiska í kerjum og minnir á að það sé ekki í samræmi við lög nema sótt sé um leyfi til MAST.

Farið yfir ályktun DÍS vegna búfjársjúkdóma eða sýkingarhættu sem hamla almennri velferð dýra.

Ályktunin unnin áfram, send öllum stjórnarmeðlimum og unnin áfram.

Ennfremur verði unnin ályktun vegna fiskeldis síðar.

### 4. Umsögn um reglugerð um tilraunadýr. (Reglugerð um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni)

Farið ýtarlega yfir reglugerðina og athugasemdir unnar á fundinum.

Hrefna yfirgefur fundinn kl. 19:00

Hallgerður hreinritar umsögnina og sendir afrit á stjórnarmenn.

Vinna við umsagnir tók það sem eftir var fundartíma, en tókst að klára.

**5. Textavinna vegna brottvikningar félaga**

Frestað til næsta fundar

**6. Textavinna á forsiðu heimasíðu**

Frestað til næsta fundar

**7. Dýraverndarinn 2016**

Frestað til næsta fundar

**8. Rannsóknir á áhrifum þyngdar knapa á íslenska hesta**

Frestað til næsta fundar

**9. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 20:00, næsti fundur boðaður 13. okt kl.17:00

## 6. fundargerð 13. október 2016

**Sjötti stjórnarfundur DÍS á starfsárinu 2016-17, fimmtudaginn 13.10 kl. 17:00 -19:00**

**Mættir eru:** Hallgerður formaður, Linda gjaldkeri, Hrefna og Steindór meðstjórnendur. Benni ritari er á Skype og Sif meðstjórnandi kemur seinna um netið með fjarfundabúnaði.

### 1. Samþykkt fundargerðar frá því síðast

Fundargerðin lesin og samþykkt

### 2. Praktísk mál

Samningar við Miðlun vegna öflunar styrktaraðila og umsýslu styrktarfélagasjóðs kynntir og ræddir. Flestir voru búnir að lesa samningana, og aðrir munu lesa þá betur - teljast þeir samþykktir berist ekki athugasemdir frá stjórnarmönnum fyrir sunnudagskvöld.

Einnig rætt að kaupa skoðanakannanir, undirskriftasafnananir og vinna áskoranir fyrir kosningar t.d. sveitastjórna ofl.

### 3. Blaðagreinar, ályktanir, bréf o.þ.h.

Sif mætir á fundinn um netið.

Ekki eru blaðagreinar til umræðu að þessu sinni.

Ályktun DÍS vegna búfjárjúkdóma eða sýkingarhættu sem hamla almennri velferð dýra er unnin áfram, rædd og samþykkt. Ályktunin verður send á fjölmiðla sem fyrst.

Ræðum verklagsreglur DÍS á næsta fundi.

### 4. Textavinna vegna brottvikningar félaga

Frestað til næsta fundar

### 5. Textavinna á forsiðu heimasíðu

Frestað til næsta fundar

### 6. Dýraverndarinn 2016

Rætt um stöðu greinaskila ofl. nú styttest tíminn, Síðasti frestur um næstu helgi!

### 7. Rannsóknir á áhrifum þyngdar knapa á íslenska hesta

Frestað til næsta fundar

### 8. Fiskeldi

Farið yfir greinar sem sendar voru með fundarboði og fiskeldi rætt út frá dýravelferðarsjónarmiðum, þauleldi o.fl.

Dís mun afla sér frekari upplýsinga og stefnir að frekari vinnu vegna fiskeldis.

## **9. Önnur mál.**

Rætt um velferð fjár í göngum og réttum í sambandi við fréttir um slæma meðferð.

Ef til vill væri hægt að styrkja nema í t.d. dýralækningum til að vinna lokaritgerð um það efni?

Ákveðið að hafa augun opin fyrir slíkum tækifærum.

Fundi slitið klukkan 19:34

Næsti fundur boðaður 27. okt kl. 17:00

## 7. fundargerð 27. október 2016

**Sjöundi stjórnarfundur DÍS á starfsárinu 2016-17, fimmtudaginn 27.10 kl. 17:00 -19:00**

**Mættir eru:** Hallgerður formaður, Benni ritari, Hrefna meðstjórnandi, Steindór meðstjórnandi, Sif meðstjórnandi er tengd á netinu. Linda gjaldkeri boðaði forföll.

### 1. Samþykkt fundargerðar frá því síðast

Fundargerðin lesin og samþykkt.

### 2. Praktísk mál

Rætt um fjarfundarbúnað, myndavél og míkrafón ásamt afspilunarmöguleikum ýmiskonar. Benni athugar betur möguleika á slíku, og Hrefna getur komið með hátalara til að prófa.

Bílastæðaumræður eru enn í vinnslu í húsfélaginu.

Múrari skoðaði efri hlið hússins en fann engar rifur – ath að reyna að finna hvaðan lak seinast.

Húsnæði Frum hér við hliðina hefur verið selt.

Unnið með texta um meginviðmið stjórnar DÍS varðandi samskipti á opinberum vettvangi.

Texti varðandi facebooksíðu, heimasíðu, samskipti við fjölmiðla og opinber samskipti unninn og samþykktur, en nokkrir úrvinnslupunktur unnir áfram.

Einnig rædd facebooktjáning stjórnarmeðlima almennt. Ljóst að við þurfum að eiga samtal um slíkt, og athuga hve mikið við getum tjáð okkur sem einstaklingar í fjölmiðlum.

Ath að vinna ályktanir DÍS t.d. varðandi siðferðisspurningar um dýrahald, slátrun ofl., sem stjórnarmenn geta stutt sig við í opinberum samræðum.

### 3. Blaðagreinar, ályktanir, bréf o.þ.h.

Ekkert er undir þessum lið.

### 4. Textavinna vegna brottvikningar félaga.

Þessi texti birtist í Dýraverndaranum og verður því að vinna núna.

Textinn unninn og samþykktur.

### 5. Textavinna á forsíðu heimasíðu

Frestað vegna fjarveru Lindu

### 6. Dýraverndarinn 2016

Allar greinar tilbúnar, nema Sif skilar um helgina.

### 7. Rannsóknir á áhrifum þyngdar knapa á íslenska hesta

Frestað. Hrefna aflar forupplýsinga.



## **8. Rannsóknir á líðan sauðkinda í réttum og við flutning**

Frestað

## **9. Önnur mál**

Við verðum með atburð fyrstu helgina í desember þar sem Dýraverndari ársins fær verðlaun ofl. Allur undirbúningur er enn eftir. Þemað er gæludýr.

Vala mun hafa framsögu fyrir hönd Dýrahjálpar Íslands. Þóra talar um hunda í búrum, leita til hennar um það.

Sif gerir upptöku sem verður spiluð um hvernig er gert ráð fyrir gæludýrum á almannavettvangi víða erlendis og verður jafnframt á skjánum til að svara fyrirspurnum.

Fyrr á árinu var rætt um að fá Jón Ásgeir Kalmannsson til að ræða siðfræði tengt dýravelferð, Hrefna hefur samband við hann. Dagskrá ákveðin frekar á næsta fundi.

Umræða um hjálpar skyldu – ath ályktun – frestað!

Fundi slitið kl.19:30

Næsti fundur boðaður

## 8. fundargerð 24. nóvember 2016

**Áttundi stjórnarfundur DÍS á starfsárinu 2016-17, fimmtudaginn 24.11 kl. 17:00 -19:00**

**Mættir eru:** Hallgerður formaður, Benni ritari á netinu, Linda gjaldkeri, Hrefna meðstjórnandi og Steindór meðstjórnandi. Sif meðstjórnandi boðar forföll.

Fundarefni:

### 1. Samþykkt fundargerðar frá því síðast

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

### 2. Praktísk mál (og umræða um innra starf).

Umræður um tilhögun fjármála vegna söfnunarinnar, etv þarf sjóðurinn að vera á sér kennitölu. Trúlega er best að sjóðurinn sé varinn á einhvern hátt með því að hafa skýra stefnu um hann. Stofnaður verði reikningur sem söfnunaraðilar hafi skoðunaraðgang að. Þetta verði einnig kynnt fyrir styrkgjöfum.

Framhald umræðu um facebook samskipti ofl slíkt, að tjá sig af kurteisi osfrv.

Siðareglur facebooksíðu DÍS skoðaðar og endurbættar, og ákveðið að hjálpast að við að nota þann texta sem oftast ef fólk tjáir sig neikvætt á síðunni.

Ennfremur að vísa megi af síðunni þeim einstaklingum sem ítrekað gerast brotlegir við siðareglur.

Innra starf stjórnar verði rætt betur á sérstökum vinnufundi í desember.

### 3. Blaðagreinar, ályktanir, bréf o.þ.h.

Ekki voru nein mál undir þessum lið.

### 4. Undirbúningur atburðar DÍS í desember.

Ákveðið að fresta atburðinum.

Stefnt að undirbúningsfundi í des.

### 5. Textavinna á forsíðu heimasíðu

Frestað. Linda ætlar að vinna út frá texta á facebooksíðu.

### 6. Dýraverndarinn 2016

Sif á enn eftir að skila grein, blaðið verður sett upp um leið og hún berst.

### 7. Rannsóknir á áhrifum þyngdar knapa á íslenska hesta

Frestað.

**8. Rannsóknir á líðan sauðkinda í réttum og við flutning**  
Frestað.

**9. Önnur mál**  
Ekkert sérstakt rætt undir önnur mál.

Fundi slitið 19:15

## 9. fundargerð 5. janúar 2017

**Niundi stjórnarfundur DÍS á starfsárinu 2016-17, fimmtudaginn 5. jan., kl. 17:40-19:30**

**Mættir:** Hallgerður Hauksdóttir formaður, Sig. Steindór Pálsson meðstjórnandi, Hrefna Sigurjónsdóttir meðstjórnandi og Linda Karen Gunnarsdóttir gjaldkeri. Benedikt Þór Axelsson ritari boðaði forföll og ekki vitað um Sif Traustadóttur meðstjórnannda. Hallgerður ritar fundargerð í fjarveru ritara.

### 1. Samþykkt fundargerðar frá síðasta stjórnarfundum

Lesin og samþykkt með óverulegum lagfæringum.

Vinnufundur um þátttöku DÍS í fagráði og um stjórnarstörf var haldinn 11. desember og ekki haldin fundargerð.

### 2. Praktísk mál

Lokið við að skrifa undir prókúru vegna gjaldkera, en Benedikt einn á eftir að undirrita. Greint frá áhuga á að kaupa húsnæðið af okkur. Skipuleggjum starfsveturinn fram á vorið á næsta fundi.

Formaður fær umboð til að láta senda tölvupósta til að kynna viðburði á borð við ársfund Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands sem haldinn var fyrr í dag og DÍS tók þátt í.

### 3. Blaðgreinar, ályktanir, bréf o.þh.

Linda hefur áhuga á að skrifa grein um loðfeldi og aðrar dýraafurðir sem seldir eru í íslenskum búðum og ætlar að vinna að greininni með því að byrja á að senda fyrirspurnir í búðir og á aðra söluaðila og kanna hvort vitneskja og áhersla sé á velferð dýra sem leggja til afurðir í söluvarninginn.

### 4. Textavinna á forsíðu

Síðan er í vinnslu, ýmiskonar tæknilegir annmarkar hamlu uppsetningu miðað við kerfið sem við erum með.

### 5. Framvinda mála hjá Fagráði

Rætt um framvindu þar sem ályktun fagráðs fékkst ekki birt. Ákveðið að bíða með frekari viðbrögð þar til eftir framhaldsfund. Ljóst að DÍS verður að beita sér fyrir opnari vinnuferlum og jafnvel hlutast til um endurskoðun á skipan fulltrúa í ráðið m.t.t. hagsmuna og hæfis.

### 6. Atburður DÍS í janúar

Verði í lok janúar.

## **7. Aðalfundargerð 2016**

Verði send fyrir næsta fund.

## **8. Önnur mál**

Hrefna ræðir nauðsyn þess að reglugerð verði sett um hamlanir á innflutningi á dýraafurðum sem framleiddar eru við verri velferð en er leyfilegt að halda dýr við hér heima.

Fundi slitið kl. 19:35

Næsti fundur er boðaður 26. janúar 2017 kl. 17:00 – 19:30

# 10. fundargerð 26. janúar 2017

**Tíundi stjórnarfundur DÍS á starfsárinu 2016-17, 26. jan 2017, kl. 17:00-19:30**

**Mættir:** Hallgerður Hauksdóttir formaður, Sig. Steindór Pálsson meðstjórnandi, Hrefna Sigurjónsdóttir meðstjórnandi og Linda Karen Gunnarsdóttir gjaldkeri og Sif Traustadóttir meðstjórnandi um skype. Benedikt Þór Axelsson ritari mætir seint, um skype. Hallgerður ritar fundargerð í fjarveru ritara og klárar hana.

## 1. Samþykkt fundargerðar frá síðasta stjórnarfundum.

Samþykkt með óverulegum breytingum.

## 2. Praktísk mál

Dagskrá fram á vorið.

Miðað við stjórnarfundum 23/2 9/3 30/3 6/4 27/4 og málþing 10. eða 11/4. Aðalfundur verði 25/4 með fyrirvara um breytingar. Stjórnarmenn samþykkja að taka að sér að prófarkalesa greinar fyrir Dýraverndarann. Rætt um húsnæðið, bílastæðamál og framhald á leigu á húsnæðinu.

## 3. Blaðgreinar, ályktanir, bréf o.þh.

Ályktun um notkun dýra. Ýmis sjónarmið út frá nytjahyggju, vistfræði, einstaklingnum og siðfræði. Hvað sé hlutverk félagsins. Verði áfram á dagskrá og stjórnarmenn hugsa málið.

## 4. Heimasíða: textavinna á forsíðu

Linda er að vinna í síðunni og ætlar að senda tillögu að forsíðutexta fyrir næsta fund. Markmið að sýna tillögu að nýrri forsíðu næst. Eins og ákveðið var í upphafi verður gamla síðan notuð þar til sú nýja er alveg tilbúin og orðin samþykkt af stjórn. Benedikt kemur inn á fundinn.

## 5. Framvinda mála hjá Fagráði

Rætt um fund sem haldinn var í dag hjá fagráði í framhaldi af síðasta fundi og sem Hallgerður sat fyrir hönd DÍS. Hallgerður greinir frá efni og umræðu fundarins. Við bíðum birtingar ályktunar fagráðs í kjölfarið. Sif vikur af fundi.

## 6. Málþing DÍS 30. janúar 2016

Rætt um að finna fundastjóra, allir leita. Linda tekur að sér að taka myndir á málþinginu og Hrefna að taka samntekt af fundinum til að setja í Dýraverndarann.

## 7. Aðalfundargerð 2016

Hún er samþykkt án breytinga.

## 8. „Meindýr“ og aflífun

Rætt um límgildirur sem eru í raun ólöglegar en seldar. Rætt að senda meindýraeyðum bréf með fyrirspurn um hvort þeir selji slíkar gildirur. Steindór tekur að sér að spyrjast fyrir hjá UST um eftirfylgni með skyldum og umboði meindýraeyða. Rætt að senda nýjum ráðherrum alltaf bréf með ósk um að endurskoðun á lögum um hvernig staðið sé að aflífum minka. Við þurfum bandamenn í þágu minka, þ.e. að sómasamlega sé staðið að aflífum þeirra. Hrefna vikur af fundi. Bréfagerð rædd betur síðar.

### **9. Rannsóknir á áhrifum þyngdar knapa á íslenska hesta**

Frestað.

### **10. Rannsóknir á líðan sauðkinda í réttum og við flutning**

Frestað.

### **11. Önnur mál.**

Hrefna greindi (fyrir á fundinum) frá Hugvísindapingi þar sem siðfræði tengt dýrum verður rætt og sem hún mun taka þátt í.

Erindi frá dýralæknanema tekið fyrir, ósk um styrk til rannsóknar á bætingu á aðferðum við geldingar hrúta á Íslandi. Ákveðið að beina erindinu til Sauðfjárverndarsjóðs. Erindið fylgir fundargerðinni sem fylgiskjal.

Rætt um slátrun og aðferðir við þær, eftirlit með því og hættur. Rætt að brýnt sé að vinna meira í þessum málum, sérstaklega með eftirliti með slátrun og líðan dýranna fram að slátrun.

Fundi slitið kl. 19:11

Næsti fundur verður 23/2 kl. 17-19:30

### **Fylgiskjal:**

#### **Tölvupóstur sem barst 5. janúar 2017**

*...dýralæknanemi á 5 ári við Kaupmannahafnarháskólann. Hausið 2017 mun ég hefja lokakaflann í náminu þegar ég hef skrif á lokaverkefninu mínu. Mig langar að skrifa um geldingar á hrútum út frá velferðarsjónarmiðum*

*Í rannsókninni hef ég hugsað mér að skoða tvo hópa:*

- 1. Hrútar geltir með viðurkenndir aðferð á Íslandi í dag, þ.e. geltir með töng með deyfingu. Í rannsókninni minni mun ég einnig staðdeyfa hrútana og gefa þeim langvarandi verkjalyf eftir aðgerð. Eitthvað sem ekki er krafist samkvæmt íslensku dýravelferðarlögum í dag.*
- 2. Hrútar geltir með blóðugri aðferð (aðferð sem er viðurkennd fyrir alla hrúta > 1 mánaða í Danmörku, en þar má aðeins gelda hrúta með töng til 1 mánaðar aldurs). Hér eru hrútarnir deyfðir/svæfðir, staðdeyfðir og þeim gefin langvarandi verkjalyf að aðgerð lokinni.*

*Megin markmið rannsóknarinnar er að auka velferð hrúta á Íslandi við geldingu en að mínu mati mætti bæta hana umtalsvert með því að beita blóðugri aðferð til geldingar í stað þeirrar sem viðurkennd er í dag.*

*Þessa stundina er ég að leita mér að styrkjum og langaði því að forvitnast hvort Dýraverndunarsamtök Íslands hefðu áhuga á að styrkja verkefni sem þetta?*

*Með bestu kveðju og með von um jákvæð svör,*



# 11. fundargerð 23. febrúar 2017

**Ellefti stjórnarfundur DÍS á starfsárinu 2016-17, 23. feb 2017, kl. 17:00-19:30**

**Mættir:** Hallgerður Hauksdóttir formaður, Sig. Steindór Pálsson meðstjórnandi, Hrefna Sigurjónsdóttir meðstjórnandi og Linda Karen Gunnarsdóttir gjaldkeri. Benedikt Axelsson ritari og Sif Traustadóttir meðstjórnandi um skype.

## **1. Samþykkt fundargerðar frá síðasta stjórnarfund.**

Fundargerðin lesin og samþykkt.

## **2. Praktísk mál**

Rætt um tilhögun vegna söfnunar meðlima og fjármuna.

## **3. Blaðgreinar, ályktanir, bréf oph.**

Yfirlýsing varðandi stefnu og markmið um velferð og notkun dýra unnin og samþykkt.

Yfirlýsingin verður einnig notuð sem svartexti t.d. á facebook.

## **4. Heimasíðan**

Fjallað um þennan lið eftir lið 5. vegna þess að Sif þarf að hverfa frá fyrr.

Linda fer yfir það sem komið er á nýju heimasíðuna og sýnir útlit o.fl. í weebly

## **5. Umsögn um reglugerð um flutning búfjár**

Farið yfir athugasemdir við reglugerðina og umsögn samin. Sif vikur af fundi.

Hallgerður klárar orðalag umsagnarinnar og sendir Sif til yfirlustrar.

## **6. Eftirmálar vegna fagráðs og Mast**

Frestað til næsta fundar

## **7. Líðan sauðkindar við flutning**

Vísað til sauðfjárverndarinnar.

## **8. Áhrif þyngdar á reiðhesta**

Frestað til næsta fundar

## **9. Fiskeldi**

Frestað til næsta fundar

## **11. Önnur mál**

Unnið að erindi til nefndar ANR sem er að taka út starfsemi MAST.

Frumdrög unnin, Hallgerður klárar skjalið og sendir stjórn til yfirllesturs.  
þarf að vinna sem fyrst.

**Fundi slitið klukkan 19:25**

**Næsti fundur boðaður 9. mars kl. 17:00**

## 12. fundargerð 30. mars 2017

**Tólfti stjórnarfundur DÍS á starfsárinu 2016-17, 30.mars 2017, kl. 17:00-19:30**

**Mættir:** Hallgerður Hauksdóttir formaður, Sig. Steindór Pálsson meðstjórnandi, Hrefna Sigurjónsdóttir meðstjórnandi og Linda Karen Gunnarsdóttir gjaldkeri. Benedikt Axelsson ritari um skype. Sif meðstjórnandi boðar forföll.

### 1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerð frá 23.02 lesin og samþykkt, fundur 09.03 féll niður vegna veikinda

### 2. Praktísk mál (m.a. hitamál og breyting á húsnæði)

Farið yfir skjöl varðandi breytingar á húsnæðinu Grensásvegur 12A, kauptilboð og fleira. Samþykkt að taka þátt í kostnaði vegna breytinga á stofnlögnum vatns og hitaveitumælum. Skrifað hefur verið undir fyrirspurn varðandi breytingu á skráningu hússins úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. Rætt hvort DÍS vill fá húsnæði sitt skráð þannig til þess að lækka gjöld. Ath. einnig lið 5.

Starfsmannamál; Hallgerður fer yfir verkefni starfsmanns síðustu mánuði til að stjórn geti glöggvað sig á starfsmannabörf. Ljóst að 35% starfshlutfall nægir ekki.

DÍS hefur verið bent á starfsmann sem gæti gagnast vel í starfsemi félagsins. Hann er kynntur og rætt að fá hann til að koma í lok næsta fundar til að skoða hvort ráðning kemur til greina. Einnig rætt hvort ekki ætti jafnframt að auglýsa eftir starfsmanni / framkvæmdastjóra.

Ljóst er orðið að tímaritið Dýraverndarinn kemur ekki út fyrir árið 2016 úr þessu, og því fellur niður einn árgangur.

### 3. Blaðgreinar, ályktanir, bréf oph.

Bréf til félaga vegna brottvikningar úr félaginu samið og samþykkt.

### 4. Heimasíðan

Vinna Lindu í heimasíðunni hefur legið niðri, en vonir standa til að uppsetning klárast um páskana, en eftir að taka til ýmislegt efni.

### 5. Kauptilboð í húsnæðið

Kauptilboð frá Lómi ehf í húsnæði DÍS rætt. Samþykkt að hafna tilboðinu, en bjóða þeim helming til sölu, þ.e. salarhlutann þar sem hann nýtist ekki lengur til atburða eða stórra funda vegna bílastæðamála í tengslum við breytingar á húsnæðinu og nærliggjandi húsum.

### 6. Tilnefning í fagráð (eftirmál vegna fagráðs og MAST)

Sigríður Björnsdóttir hættir í fagráði í júní, og því þarf að tilnefna annan fulltrúa til næstu þriggja ára fyrir hönd DÍS. Samkvæmt ráðuneyti er ekki farið fram á sérstaka menntun fulltrúa. Hrefna er með nokkur nöfn sem hún vill koma á framfæri sem fulltrúa. Hún sendir stjórn tölvupóst með nöfnunum.

Tilhögun rædd nánar, umboð stjórnar til fulltrúa ofl, og tilnefning rædd betur á næsta fundi.

## **7. Aðalfundur 2017**

Aðalfundur verður haldinn fyrstu helgina í maí – ákveðið að halda fundinn laugardaginn 6.maí kl.15:00. Svo hægt sé að boða aðalfund með löglegum fyrirvara er stefnt að seinasta stjórnarfundum fyrir aðalfund 18.apríl. kl. 17:00

Tilhögun og framboð rætt betur á næsta fundi.

## **8. Fiskeldi**

Rætt hvort DÍS vill beita sér fyrir velferð eldisfisks. Ákveðið að vinna ályktun út frá dýravelferð á næsta fundi.

## **9. Áhrif þyngdar á reiðhesta**

Ýmsar hugmyndir ræddar, og áhugi fyrir hendi að stíga inn í þessi mál.

Rætt að fá manneskju með sérþekkingu til að ræða við okkur og etv. halda málþing eða atburð í framhaldinu, og eiga samstarf við fagfélög og hagsmunaaðila hestamanna í þessu sambandi.

Hrefna þekkir aðila sem hugsanlega er hægt að leita til með slíka fræðslu.

## **10. Önnur mál**

Erindi frá Bændasamtökum Íslands, Lands sambandi kúabænda, varðandi áætlaða sýnatöku úr nautgripum. Erindið verður áframsent til stjórnar og unnið áfram á næsta fundi.

Erindi varðandi „kjötræktun“, verður einnig sent stjórn og fjallað um á næsta fundi.

Steindór segir frá vinnu sinni við að afla upplýsinga frá Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti varðandi meindýraeyða. Ljóst að starfsferlar eru ekki skýrir og meindýraeyðar oft illa upplýstir um dýravelferð. Steindór mun athuga þetta betur, en ljóst er að þessi mál þarf að skoða vandlega og etv. þurfi fagráð að fjalla um þau.

Atriðaskrá er þá tæmd, og fundi slitið kl. 19:28.

Næsti fundur boðaður miðvikudaginn 5.apríl kl. 19:00

# 13. fundargerð 5. apríl 2017

**Þrettánda stjórnarfundur DÍS á starfsárinu 2016-17, 05.apríl 2017, kl. 19:00-21:30**

**Mættir:** Hallgerður Hauksdóttir formaður, Sig. Steindór Pálsson meðstjórnandi, Hrefna Sigurjónsdóttir meðstjórnandi, Linda Karen Gunnarsdóttir gjaldkeri, Benedikt Axelsson ritari og Sif Traustadóttir meðstjórnandi.

## 1. Fundargerð síðasta fundar til samþykktar

Fundargerð lesin og samþykkt með smávægilegum breytingum.

## 2. Praktísk mál (m.a. hugsanleg sala)

Linda gengur frá skjölum varðandi styrktarreikningi vegna Miðlun ehf ofl.

Haldinn verður fundur með Miðlun í framhaldinu.

Fjallað um hugsanlega sölu á helmingi af húsnæði DÍS

Rætt að fá tilboð frá kaupaðilum og ræða betur saman á næsta fundi.

Farið yfir betrubætur á fjarfundabúnaði, það verður unnið betur eftir fund.

## 3. Blaðagreinar, ályktanir, bréf oþh.

Farið yfir bréf varðandi brottvikningu félagsmanns úr félaginu sem hefur valdið því tjóni.

Bréfið er samþykkt og undirritað.

## 4. Fiskeldi, framhald

Rætt um dýravelferð í fiskeldi og samin ályktun varðandi það.

Ályktunin verður send á ráðuneyti, MAST, fagrað um velferð dýra og í fjölmiðla.

## 5. Aðalfundur 2017

Þurfum að finna ritara og fundarstjóra, Linda gefur kost á sér sem ritari, og rætt verður við nokkra aðila varðandi fundarstjórn.

Hrefna og Linda gefa ekki kost á sér aftur til stjórnarstarfa.

## 6. Tilnefning í fagrað og fleira um fagrað um velferð dýra.

Rætt um fagrað almennt og tilhögun fulltrúa okkar þar. Rætt að stjórn haldi t.d. tvo árlega fundi með stjórn DÍS og þeim sem tilnefndur er fyrir hönd félagsins í Fagrað, til að ræða stefnu félagsins og einnig verði samið erindisbréf fyrir hann.

## 7. Tvö erindi til umsagnar

Erindi frá BÍ varðandi söfnun vefjasýna úr nautgripum vegna erfðamengisúrvals.

Stjórn DÍS tekur vel í erindið og fagnar framtakinu.

Tillaga til þingsályktunar um kjötrækt er einnig rædd, og stjórn DÍS telur það jákvætt erindi.

### **8. Áhrif þyngdar á reiðhesta, framhald.**

Nýverið hafa verið birtar greinar varðandi áhrif þyngdar á hesta. Hallgerður mun senda hlekki á stjórnina til skoðunar. DÍS hefur áhuga á að skoða þessi mál betur. Hrefna mun athuga hvort sérfróður aðili getur hitt okkur.

Rætt að athuga betur ýmis viðmið varðandi þetta, t.d. tímalengd ásetu knapa o.fl.

### **9. Önnur mál**

Sif ræðir um snapchat sem birtist fyrir skömmu þar sem meindýraeyðir sést nota hunda og fleiri ólöglegar aðferðir til að aflífa minka.

Reynt verður að afla frekari upplýsinga um málið.

### **10. Heimsókn kl. 21:00**

Heimsóknin fellur niður að sinni.

Fundi slitið kl. 21:40

Næsti fundur boðaður 18.04 kl. 17:00 til 19:30

## 14. fundargerð 18. apríl 2017

**Fjórtaði stjórnarfundur Dýraverndarsambands Íslands 18. apríl kl.17:00-19:30**

**Mættir:** Hallgerður Hauksdóttir formaður, Benedikt ritari, Hrefna og Steindór meðstjórnendur. Sif tekur þátt á Skype.

### **1. Síðasta fundargerð til yfirllesturs og samþykktar.**

Síðastasta fundargerð hefur ekki borist, og verður því yfirfarin síðar.

### **2. Val fulltrúa í fagråd.**

Stungið upp á Ólafi Dýrmundssyni sem fulltrúa okkar í fagråd, það rætt og samþykkt.

Rædd tilnefning varafulltrúa, stungið hefur verið upp á Hallgerði Hauksdóttur og það rætt og samþykkt.

Samið er erindisbréf fyrir fulltrúa DÍS í fagråði um velferð dýra og það samþykkt.

### **3. Aðalfundur DÍS, bókhald ofl.**

Farið yfir praktísk atriði varðandi aðalfund, bókhald o.fl.

### **4. Fyrirhuguð sala á helming húsnæðis DÍS**

Ræddar mismunandi útfærslur á skiptingu húsnæðisins í tvo hluta ofl varðandi sölu.

Formlegum fundi slitið kl. 18:40

Rætt við umsækjanda um starf hjá DÍS eftir almennan fundartíma.

Fráfarandi starfsmaður hefur sagt upp frá og með ágúst 2017 en getur verið áfram þar til nýr starfsmaður tekur við.

Rædd tilhögun ráðningar, "þekkt andlit" í starf ofl.

Fundi slitið.

Næsti fundur verður óformlegur eftir aðalfund til að kynna nýjum stjórnarmönnum kynna þá fyrir starfsemi félagsins og næsti reglubundni stjórnarfundur verður í haust.